
Sáðvara - Tilkynningar

Framkvæmd

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd



1. Tekið er á móti tilkynningum í Þjónustugátt, umsókn 5.01 Innflutningur á fræi og sáðvöru. Þegar umsækjandi velur aðgerðina „Senda umsókn“ birtist staðfestingarnúmer umsóknarinnar. Umsóknin fer sjálfkrafa í málakerfi og ábyrgðaraðili umsóknar fær senda tilkynningu þess efnis. Málalykill verður 3.4.1 Eftirlit (SKRA-023).

2. Skjöl yfirfarin. Nauðsynleg fylgigögn eru hreinleika- og spírunarvottorð sem og vörureikningar. Í viðaukum reglugerðar nr. 301/1995 er að finna lágmarkshlutföll spírunar og hreinleika. Ef varan stenst ekki lágmarksgæðakröfur er innflutningi hafnað. Send er breytingarbeiðni í gegnum One ef gögn vantar.

3. Ef öll gögn er í lagi og varan stenst lágmarkskröfur er MST-númer gefið út og sent í gegnum One á það netfang sem innflytjandi skráði í tilkynninguna. Mál merkt ,,lokið“ og greiðsla skráð.

4. Öll gögn sem tengjast málinu vistast sjálfkrafa í One málakerfi.